

Alþingi

Erindi nr. P 139/2242

komudagur 5.5.2011

Reykjavík 4. maí 2011

Umsögn um þingmál.

**Frumvarp til laga um Þjóðminjasafn Íslands. Þskj. 1150 - 648. mál.**

Halldóra Ásgeirsdóttir, Karen Þóra Sigurkarlsdóttir og Þórdís Anna Baldursdóttir, sjálfstætt starfandi forverðir, gera eftirfarandi athugasemdir við frumvarp til laga um Þjóðminjasafn Íslands.

**II. Kafi.**

**Hlutverk og starfsemi**

**3.gr.**

**b. taka við og varðveita fornminni, sýni og önnur rannsóknargögn úr fornleifarannsóknum.**

Í athugasemdum við greinina kemur m.a. fram um 3. gr. ...."og er breytingunni ætlað að tryggja að slíkir gripir komist sem fyrst í vörslu Þjóðminjasafns Íslands sem annist nauðsynlega forvörslu þeirra"... Þessi lagabreyting felur í sér að fornleifafræðingum verður ekki lengur frjálst að vera í samstarfi við þá forverði sem þeir kjósa heldur mun Þjóðminjasafnið annast forvörslu allra forngripa.

Á undanförunum árum hafa forverðir byggt upp einkareknar vinnustofur, þar sem m.a. hafa verið forvarðir gripir úr fornleifarannsóknum. Einkafyrirtæki á sviði fornleifarannsókna hafa einning verið að byggja upp slíkar vinnustofur. Með þessum lagabreytingum yrðu þessi verkefni eingöngu unnin á Þjóðminjasafni Íslands, sem væri þá með einokunarstöðu á markaðnum.

Forvarsla forngripa og samstarf við íslenska og erlendra fornleifafræðinga er hluti af verkefnum hjá sjálfstætt starfandi forvörðum. Ef skoðað er hlutfall forngripaforvörslu af heildarverkefnum árána 2010 og 2011 er ljóst að með lagabreytingunni munu einhverjir forverðir ekki geta haldið áfram að starfa hérlandis. Í núverandi atvinnuástandi verður það að teljast óæskilegt að flytja verkefni frá einkaaðilum til ríkisstofnunnar, þar sem nokkuð öruggt er að ráða þurfi forverði erlendis frá í stöður forngripaforvarða.

Nokkur stór verkefni hafa verið fjármögguð með innlendum og erlendum styrkjum og skiptir þá sérhæfing, menntun og reynsla forvarðar miklu máli. Stefnt er að auknu samstarfi fornleifafræðinga og forvarða um rannsóknir og útgáfu.

Virðingarfyllst

Halldóra Ásgeirsdóttir forngripaforvörður  
Karen Þóra Sigurkarlsdóttir gripaforvörður  
Þórdís Anna Baldursdóttir textílförvörður

